

Reykjavík, 13.4.2015

Fundarboð á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur 2015

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn mánudaginn 27. apríl n.k. kl. 13:00 á efri hæð veitingastaðarins Sólun, Bankastræti 7a. Minnt er á að opinn ársfundur OR verður haldinn í Gamla bíói að loknum aðalfundi, eða kl. 14:00 sama dag.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur síðastliðið starfsár.
2. Umhverfisskýrsla um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur síðastliðið starfsár.
3. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár, ásamt skýrslu ytri endurskoðanda fyrirtækisins, sem lagður er fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
6. Lýst kjöri stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Staðfesting arðgreiðslustefnu.
9. Umræður um önnur mál, löglega upp borin.

Samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings Orkuveitu Reykjavíkur er aðalfundur opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmiðlum. Tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitu Reykjavíkur. Málfrelsi á aðalfundi hafa fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, forstjóri, endurskoðendur Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda og formaður Starfsmannafélags Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt 6. gr. sameignarsamnings Orkuveitu Reykjavíkur skal stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Sveitarstjórnir skulu skv. framangreindu hafa gengið frá kjöri stjórnar fyrir aðalfund, sbr. 6. lið dagskrár aðalfundar.

Virðingarfyllst,



Haraldur Flosi Tryggvason,
stjórnarformaður